



Forsætisráðuneyti  
Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg  
101 Reykjavík

Norðurlandi eystra, 9. desember 2025

## **Efni: Umsögn um drög að atvinnustefnu Íslands - Vaxtarplan til 2035, mál nr. S-226/2025 á Samráðsgátt stjórnvalda.**

Stjórn Samtaka sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra (SSNE) fagnar því að fram séu komin drög að atvinnustefnu Íslands til 2035. Drögin marka mikilvæg skref í átt að markvissari uppbyggingu atvinnulífs og er sérstaklega jákvæð sú skýra sýn sem þar birtist á mikilvægi þess að efla atvinnulíf og verðmætasköpun um land allt.

Á Norðurlandi eystra eru margvísleg tækifæri til vaxtar í ólíkum atvinnugreinum víðsvegar um landshlutann, allt frá Siglufirði til Bakkafljóðar. Landshlutinn hefur verið í stöðugum vexti undanfarin ár og getur orðið einn af burðarásum uppbyggingar á Íslandi. Til að þessi framtíðarsýn geti ræst er þó mikilvægt að atvinnustefna Íslands sé ekki einungis metnaðarfull í orðalagi, heldur einnig í framkvæmd.

### **Uppbygging innviða skiptir lykilmáli**

Stjórn SSNE áréttar að árangur stefnunnar mun að miklu leiti ráðast af því hvort stjórnvöld tryggi raunhæfar aðstæður til vaxtar á landsbyggðinni. Uppbygging innviða – vegakerfis, hafna, flugvalla, raforkukerfis og fjarskipta – er þar lykilatriði. Í því samhengi vill stjórn SSNE sérstaklega ítreka mikilvægi reglulegs millilandaflugs um Akureyrarflugvöll sem er forsenda jafnræðis í samgöngum, samkeppnishæfni atvinnulífs og dreifingu ferðamanna um landið.

Félagslegir innviðir skipta ekki síður miklu máli og vill stjórn SSNE minna á að lykilstofnanir eins og Sjúkrahúsið á Akureyri gegna mikilvægu hlutverki langt út fyrir landshlutann. Öflug heilbrigðisþjónusta, háskólasamfélag og aðrar grunnstoðir eru forsendur atvinnuuppbyggingar og byggðafestu og styrkja bæði samfélagslegt og efnahagslegt áfallapol landsins.

Mikilvægt er að atvinnustefna sem setur fram markmið um fjölbreyttan útflutning og aukna framleiðni feli einnig í sér skýrar aðgerðir til að tryggja þá innviði sem slík uppbygging krefst. Þannig er flestum ljóst að uppbygging flutningskerfi raforku er lykilatriði fyrir atvinnuuppbyggingu á landinu. Á Norðurlandi eystra er umtalsverð orka sem mætti nýta til atvinnuuppbyggingar, en ástand raforkuinnviða hefur því miður verið að hluta hamlandi fram að þessu. Stjórn SSNE fagnar þó þeim mikilvægu skrefum hafa nú verið stigin af hálfu stjórnvalda til að tryggja mikilvægar raforkutengingar bæði á Langanesi og á Bakka við

Húsavík. Þau skref geta skilað sér í verulegum tækifærum til verðmætasköpunar fyrir land og þjóð.

Í landshlutanum eru einnig fjölmörg tækifæri til nýtingar jarðvarma til verðmætasköpunar, ekki síst á sviði matvæla- og líftækni framleiðslu. Stjórn SSNE vill í því samhengi minna á mikilvægi landbúnaðar í tengslum við atvinnustefnu, en landbúnaður er víða mikilvæg undirstaða byggðar og fæðuöryggi grunnþáttur í áfallapoli þjóðarinnar. Aukin áhersla á þróun landbúnaðar í atvinnustefnu gæti því bæði aukið verðmætasköpun og tryggt hagsmuni samfélagsins til framtíðar. Þá má nefna að önnur af stærstu korngeymslum landsins er á Akureyri, sem mætti efla til að stuðla að fæðuöryggi.

### Menntun í takt við þarfir atvinnulífsins

Líkt og fram kemur í stefnudrögunum eru menntun, rannsóknir og nýsköpun eru forsenda framleiðni og samkeppnishæfni til framtíðar. Til að atvinnustefnan nái markmiðum sínum þarf að efla STEM-menntun, rannsóknir og nýsköpun í landshlutanum og tryggja að stuðningur við nýsköpun, sem og úthlutanir úr rannsóknasjóðum dreifist jafnar um landið. Stjórn SSNE telur nauðsynlegt að endanleg atvinnustefna endurspegli hlutverk Háskólans á Akureyri sem burðarás byggðapróunar og atvinnuuppbyggingar á landsbyggðinni. Háskólinn hefur í nær fjóra áratugi verið lykilþáttur í því að hækka menntunarstig á landsbyggðinni og hefur alla burði til að byggja upp þekkingarsamfélag sem styður við fjölbreyttara atvinnulíf á landsvísu. Þá er mikilvægt að efla iðn- og tæknimenntun á Norðurlandi eystra, enda skortur á sérhæfðu vinnuafli ein helsta vaxtarhindrun fyrirtækja á svæðinu.

### Að lokum

Stjórn SSNE telur mikilvægt að atvinnustefnan verði samræmd annarri stefnumörkun ríkisins, þar á meðal byggðaáætlun, samgönguáætlun, mennta- og nýsköpunarstefnum, umhverfisorku- og loftslagsáætlunum, landsskipulagi og kerfisáætlun Landsnets. Einnig er mikilvægt að ákvarðanir um skatta, gjaldtöku og leyfisveitingar, styðji við – en vinni ekki gegn – þeim atvinnugreinum sem byggð á landsbyggðinni hvílir á. Til að stefnan verði framkvæmanleg þarf að tryggja skýra og fyrirsjáanlega fjármögnun innviða, rannsókna, menntunar og nýsköpunar.

Að lokum vill stjórn SSNE árétta þá afstöðu sína að uppbygging Akureyrar sem borgarsamfélags sé lykilatriði til að gera Ísland aðlaðandi fyrir fjárfestingu og til að skapa fjölbreyttari búsetu- og atvinnutækifæri. Það er mikilvægt að skapa raunhæfan valkost til búsetu fyrir fólk sem kys að búa í borgarsamfélagi en vill ekki endilega búa í Reykjavík. Slík uppbygging myndi auka samkeppnishæfni Íslands til framtíðar.

Norðurland eystra býr yfir mikilli sérstöðu, öflugum samfélögum, sterku háskóla- og framhaldsskólaumhverfi, heilbrigðisþjónustu og tækifærum til uppbyggingar í fjölda atvinnugreina. Með dýrmætum stuðningi við innviði og stofnanir landshlutans er Norðurland eystra tilbúið til sóknar og getur spilað mikilvægt hlutverk í eflingu fjölbreytts og samkeppnishæfs atvinnulífs á Íslandi. Stjórn SSNE er reiðubúin til áframhaldandi samráðs og samstarfs um mótun og innleiðingu atvinnustefnu sem tryggir raunveruleg tækifæri og verðmæti fyrir íbúa, sveitarfélög og fyrirtæki á Norðurlandi eystra – og þar með fyrir landið allt.

Virðingarfyllt,  
Albertína Friðbjörg Elíasdóttir, framkvæmdastjóri SSNE